

From: Jón Ingvar Bragason
Sent: Mon, 2 Jun 2025 10:08:12 +0000
To: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: Ósk um söfnunarkassa á grendarstöðvum
Attachments: IMG_1700.jpg

Sæl Sýlvía

Grænir skátar haf síðustu ár sinnt söfnun á skilagjaldsskyldum umbúðum í uppsveitum Árnerssýslu. Þessi söfnun er í góðri samvinnu við sveitarstjórnir og björgunarsveitir á svæðinu en hluti af skilagjaldi rennur beint til björgunarsveita á því svæði sem safnað er.

Grænir skátar óska eftir að fá að staðsetja söfnunarkassa í Árnesi og Brautarholti (sjá mynd af kassa). Í kössunum er skynjari sem mælir hvað mikið safnast, að jafnaði er reynslan sú að tæma þarf vikulega á sumrin en aðra hverja viku að vetri til.

Grænir skátar ehf er fyrirtæki í eigu skátahreyfingarinnar. Markmiðið er að efla skátastarf í landinu en þar sem ekki er starfandi skátafélag er stutt við barna og ungmennastarf. Stuðla að umhverfisvernd og bjóða atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu. Hjá Grænum skátum starfa 50 manns í 20 stöðugildum.

--

Kær kveðja/ Best regards
Jón Ingvar Bragason

Framkvæmdastjóri | CEO



+354 699 3642 | jon@skatarnir.is

--

